

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ársreikningur 2021

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi
620976-0169

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH	2 - 6
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	7
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	8
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Reikningskilaaðferðir	11
Skýringar	12 - 15

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

1.0 Lagagrundvöllur SFH

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað árið 1973 eða fyrir 49 árum. Tilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir hönd flytjenda og framleiðenda tónlistar fyrir opinbera spilun tónlistar af útgefnum hljóðritum. Var hér um að ræða notkun tónlistar í útvars- og sjónvarpsstöðvum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum, líkamsræktarstöðvum og víðar.

SFH semur beint við útvars- og sjónvarpsstöðvar, en í gildi er verðskrá fyrir flutning af hljóðritum utan útvars, sem STEF hefur allar götur frá stofnun annast innheimtu á fyrir SFH samkvæmt sérstöku

SFH er aðili og einn að þremur stofnendum að IHM, innheimtusamtökum réttihafa og fær hlutdeild af bótum sem renna til réttihafasamtaka höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota og vegna endurvars í sjónvarpi, en það er einkum endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva.

SFH er einnig ásamt STEFi stofnandi SAMTÓNs, en um er að ræða samstarfsvettvang tónlistarréttihafa og annast m.a. Dag íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin. SFH á einnig gegnum SAMTÓN aðild að stjórn Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og rétt til að skipa einstaklinga í stjórn Tónlistarsjóðs og Hljóðritasjóðs.

Fulltrúar aðildarsamtaka SFH áttu einnig sæti í starfshópi sem skipaður var af menningar- og viðskiptaráðherra sem hafði það verkefni að vinna að undirbúningi stofnunar Tónlistarmiðstöðvar, sem skilaði skýrslu sinni í mars síðastliðnum og vikið verður að síðar í ársskýrslunni.

2.0 Núverandi stjórn

Stjórnarmenn SFH eru kjörnir til tveggja ára. Á aðalfundi SFH í maí 2021 var kjörin ný stjórn. Formaður var kjörinn Gunnar Hrafnsson og varaformaður Ásmundur Jónsson.

Meðstjórnendur voru kjörnir :

Flytjendadeild

Róbert Þórhallsson (FÍH)
Hrafnhildur Theodórsdóttir (FÍL)

Framleiðendadeild (FHF)

Sölvi Blöndal
Haraldur Leví Gunnarsson

Á aðalfundinum 2021 var jafnframt Björn Th. Árnason kjörinn félagskjörinn skoðunarmaður reikninga og Endurskoðunarfirmað PricewaterhouseCoopers ehf. kjörið endurskoðunarfirma samtakanna.

3.0 Fjárhagur 2021

Rekstur SFH árið 2021 bar minni keim af covidfaraldrinum en gert hafði verið ráð fyrir. Ánægjulegt er að sjá að innheimta vegna opinbers flutnings utan útvars hefur aukist og að ná saömu stöðu og fyrir faraldurinn.

Viðræður hafa staðið yfir um kröfu SFH um hækkun þóknunar við RÚV. Hefur það gengið hægar en vonir stóðu til. Farið hefur verið sameiginlega yfir útreikninga þóknunar síðustu ára og hefur RÚV fallist á leiðréttingu nokkur ár aftur í tímann. Mun reynt að klára þann þátt á næsta fundi samningsaðila. Samningar við Sýn, K100 og aðrar útvarpsstöðvar um sambærilegar hækkunar hafa því beðið þar sem slíkar hækkunar þurfa að haldast í hendur við breytingar á samningum við RÚV.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

4.0 Ný lög um umsýslu höfundarréttar

Eins og kunnugt er voru í júní 2019 samþykkt lög nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslustofnun höfundaréttar. Þau tóku gildi 1. janúar 2020.

Með lögunum var innleidd Evróputilskipun um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum.

Markmið laganna er að setja samræmdar reglur um starfshætti réttthafasamtaka eins og SFH, STEFs, IHM, Fjölís og Rithöfundasambands Íslands, sem teljast sameiginlegar umsýslustofnanir, með því að setja reglur um stjórnhætti, gagnsæi starfsreglna og fjármálaskipulag þeirra.

Reglurnar eiga að tryggja viðeigandi þátttöku réttthafa í ákvarðanaferli sameiginlegra umsýslustofnana og upplýsingaflæði til réttthafa, annarra réttthafasamtaka, þjónustuveitenda og alls almennings. Ennfremur að tryggja að umsýsla tekna sem sameiginlegar umsýslustofnanir innheimta fyrir hönd réttthafa sé í samræmi við lög.

Á síðasta aðalfundi voru samþykktar breytingar á samþykktum SFH til þess að uppfylla skilyrði framangreindra laga. Einnig voru innheimtusamtök á borð við SFH skylduð með reglugerð sem gefin var út með lögunum að sækja um staðfestingu á viðurkenningu ráðuneytisins fyrir starfsemi SFH. Sú umsókn sem og frá áðurnefndum innheimtusamtökum er nú til meðferðar í menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Ekki er gert ráð fyrir öðru en ráðuneytið staðfesti viðurkenninguna.

5.0 Samstarf við GRAMEX og önnur erlend innheimtusamtök.

SFH innheimtir ekki eingöngu fyrir not á íslenski tónlist. Innheimta vegna erlendra tónlistar er veigamikill hluti af starfsemi SFH, sem felst í því að SFH annast innheimtu og hagsmunagæslu fyrir erlenda flytjendur og hljómplötuframleiðendur sem eru frá aðildarlöndum Rómarsáttmálans um m.a. vernd flytjenda og framleiðenda eða flutningur eða útgáfa þeirra njóta verndar samkvæmt sáttmálanum.

Flytjendadeild SFH hefur gert fjölmarga gagnkvæma samninga við erlend systursamtök. Framkvæmdastjórar systursamtaka á Norðurlöndum hittast reglulega, en þau eru: GRAMEX í Danmörku og Finnlandi, GRAMO í Noregi, SAMI í Svíþjóð (flytjendasamtök) og IFPI í Svíþjóð (framleiðendasamtök). Fundir þessir eru mjög mikilvægir, enda bæði gagnlegir og upplýsandi fyrir SFH þar sem helstu mál viðkomandi landa eru rædd, framkvæmd hjá hverju landi útlistuð og ný viðhorf kynnt.

Eins og kunnugt er gerði flytjendadeild SFH á sínum tíma samkomulag við GRAMEX Danmörku um að annast útreikning á erlenda hluta úthlutunar, sem byggðist á upplýsingum frá útvarpsstöðvum hérlendis. Eins og kunnugt er var því samkomulagi sagt upp af hálfu GRAMEX og samdi SFH í kjölfarið við bresk systursamtök okkar PPL um að annast þessi mál bæði fyrir flytjendadeild og framleiðendadeild. PPL eru ein stærstu og tæknivæddustu samtök á þessu sviði í heiminum.

Ein og kunnugt er samdi SFH við Kaj Christiansen sem ráðgjafa varðandi erlenda úthlutun og samninga við erlend systursamtök, en hann var um langt árabil yfirmaður alþjóðadeildar GRAMEX í Danmörku sem annast úthlutunir til réttthafa erlendis. Hann tók ennfremur virkan þátt í samningum við PPL. Vegna mjög skyndilegs fráhrarfs GRAMEX úr þessum verkefnum náðist því miður ekki að greiða erlendum réttthöfum með reglubundnum hætti, en með aðkomu PPL verður bætt úr því ástandi og útistandandi þóknar greiddar til erlendra réttthafa.

Flytjendadeild SFH er með aðild að SCAPR, alþjóðasamtökum flytjendasamtaka sem árlega heldur fulltrúaráðsfundi sem framkvæmdastjóri SFH sækir auk árlegra PRC (Performance Right Committee) funda sem haldnir er fyrir sameiginleg innheimtusamtök flytjenda og framleiðenda á vegum IFPI, alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda. Eins og sést af ársreikningum hafa nánast engir fundir verið haldnir erlendis á síðasta ári, en allmargir fjarfundir hafa átt sér stað bæði meðal norræna framkvæmdastjóra, SCAPR og PRC.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

6.0 IHM

6.1 Bætur vegna eintakagerðar - gerðardómur

Í október 2016 var höfundalögum breytt sem m.a. fólst í því að lögfest var að höfundar, flytjendur og framleiðendur ættu að fá bætur vegna löglegrar eintakagerðar til einkanota á verkum þeirra. Með lögunum var eldra fyrirkomulagi breytt og bæturnar til réttihafa vegna eintakagerðarinnar greiddar úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

Aðildarfélögum IHM eru alls 10, þ.e. SFH, STEF, RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir (Félag höfunda fræðiritra og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Saðkvikmyndaleikstjóra SÍK(Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FK,(Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda.

Samtökin eru 12 ef FHF, FÍH og FÍL eru talin sérstaklega. SFH er stærsta aðildarfélag IHM með aðildarfélögin FHF, FÍH og FÍL (leikarar) innan sinna raða. Fulltrúar SFH í stjórn IHM eru 3 af 9 stjórnarmönnum.

Aðildarfélög innan IHM hafa frá setningu laganna 2016 reynt að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi skiptingu bótanna milli aðildarfélaga. Ekkert samkomulag náðist og var málinu fyrst vísað til sáttasemjara sem reyndi sættir án árangurs. Kom hann með sáttatillögu þann 27. mars 2021.

Þar lagði hann til að aðildarfélög SFH fengju samtals 27% af heildinni, en í dag er hlutur aðildarfélaga SFH um 34%, en krafa SFH vegna FHF, FÍL og FÍH var um 42%. Í samþykktum IHM segir að samþykki 2/3 hlutar aðildarsamtakanna tillögu sáttasemjara teljist hún skuldbindandi fyrir öll samtökin.

Tillaga sáttasemjara var ekki staðfest þar sem 5 aðildarfélög (STEF, SKL, SÍK og BÍ), höfðu tillögunni, en 4 félög (FK, Myndstef, FLÍ og Hagþenkir) samþykktu. RSÍ og Félag leikskálda og handritshöfunda sátu hjá. Ágreiningnum var síðan skotið til þriggja manna gerðardóms. Aðildarfélög skiluðu tveimur skriflegum greinargerðum og munnlegur málflytningur fór fram í byrjun maímánuðar síðastliðinn. Gífurleg vinna fór í þennan málflytning og kostnaður að sama skapi eftir því, þar sem flest aðildarfélög réðu sér lögmenntil þess að flytja málið fyrir gerðardóminum.

Niðurstaða gerðardóms lá fyrir nú fyrir skömmu og var hún sú að SFH fékk í sinn hlut 28% heldartekna sem er örlítil hækkun frá niðurstöðu sáttamanns, en mun lægra en sambærileg félög fá í sinn hlut í nágrannalöndum.

Gerðardómendur höfðu því miður hvorki nægjanlega þekkingu né burði til að takast á við það veigamikla verkefni að leiðrétta þann ójöfnuð sem ríkt hafði um áratugaskeið á þessu sviði milli annars vegar flytjenda og framleiðenda og hins vegar höfunda varðandi bætur fyrir eintakagerð til einkanota. Gerðardómurinn hafnaði t.d. þeirri röksemd flytjenda og framleiðenda að eintakagerð utan nets á Spotify og Netflix teldist eintakagerð til einkanota þrátt fyrir að slíkt sé viðurkennt varðandi tónlistina bæði í Svíþjóð og Noregi. Sannanir voru færðar fyrir því að mjög mikið er um slíka eintakagerð á tónlist og hefði verið fallist kröfur SFH að þessu leyti hefði það aukið tölvuvert hlut aðildarfélaga innan SFH í þessu máli.

6.2 Kapitalgeiri - málaferli vegna ógreiddra gjalda vegna endurvarps

Sáttaumleitunum IHM og Símanum vegna innheimtumáls IHM á hendur Símanum lauk með sátt fyrr á árinu. Segja má að því hafi lokið farsælega fyrir IHM þar sem Síminn féllst á að greiða IHM samtals 354 milljónir króna, annars vegar til að ljúka málinu og undirliggjandi kröfum, sem og til greiðslu á kröfum vegna línulegrar dreifingar á sjónvarpsrás RÚV á sl. fjórum árum. Eins og kunnugt er skiptast tekjur kapitalgeirans þannig að UBOI (samtök RÚV og erlendra sjónvarpsstöðva) fær 36%, kvikmynda-framleiðendur 26%, STEF 18% og aðrir réttihafar fá 20% en þar á meðal eru FÍH, FÍL og FHF.

Stefnt er að því að gera nýja og betri samninga á þessu ári varðandi endurvarp við bæði Símann og Sýn.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

7.0 Samtónn

Samtónn sem er sameiginlegur samstarfsvettvangur allra íslenskra rétthafa í tónlist var stofnað hinn 2. maí 2002 eða fyrir 20 árum síðan. Í samþykktum kemur fram að tilgangur samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda og framleiðenda. Ennfremur að vinna að vernd og varðveislu tónlistar og réttinda, sem henni tengjast, og leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum tónlistar innanlands sem utan.

Þau verkefni sem stjórn Samtóns hefur unnið að á síðustu árum hafa verið í nokkuð föstum skorðum, en þau eru: Íslensku tónlistarverðlaunin, Dagur íslenskrar tónlistar, sameiginlegar aðgerðir gegn ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu og aðkoma að Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og nú síðast undirbúningsvinna að stofnun Tónlistarmiðsstöðvar.

7.1. Íslensku tónlistarverðlaunin 2021 fyrir árið 2020

Íslensku tónlistarverðlaunin báru með sér að mikil endurnýjun, nýsköpun og gróska einkennir íslenskt tónlistarlíf á öllum sviðum þess. Fjölbreytni og fagmennska var í fyrirrúmi. Íslensku tónlistarverðlaunin eru fagverðlaun og sú skilgreining aðgreinir þau frá öðrum verðlaunum.

Afhending ÍTV fór fram 17. apríl í Norðurljósum, Hörpu. Bein sjónvarpsútsending var á RÚV, eins og mörg undanfarin ár. Framkvæmdastjóri hátíðarinnar var Kristján Halldórsson. Fullyrða má að uppskera síðasta árs hafi verið með besta móti, þrátt fyrir erfitt árferði vegna covid.

Alls bárust 1200 innsendingar í formi platna, tónverka, viðburða, einstaklingsverðlauna, myndbanda og hönnunar. Aldrei hafa fleiri tilnefningar borist, en ekkert gjald var tekið fyrir innsendingu.

Vegna covid-samkomubanns voru engir áhorfendur í sal og verðlaunahafar komu daginn fyrir útsendingu í Hörpu í sérstaka upptöku þar sem verðlaun voru afhent að undanskildum heiðursverðlaunum sem afhent voru af mennta- og menningarmálaráðherra í beinni útsendingu, en þau hlutu hljómsveitin Sigur Rós.

Uppsafnað áhorf var um 27,7% uppsafnað áhorf, sem þykir mjög gott, en þess má geta að meðaláhorf er um 25,5% á fréttatíma RÚV. Eins og sést af þátttöku var um mikla endurnýjun að ræða bæði af tónlist og tónlistarmönnum sem sýnir að mikil gróska einkennir íslenskt tónlistarlíf á öllum sviðum þess.

Hið ánægjulega við hátíðina var að undirritaður var samstarfssamningur við NOVA sem studdi framkvæmd hátíðarinnar fjáhagslega.

7.2. Dagur íslenskrar tónlistar

Tilgangurinn dagsins er eins og endranær að vekja athygli á íslenskrari tónlist og fá sem flesta til að syngja með, ekki síst yngstu kynslóðina, bæði í skólum og leikskólum, en oft hefur tekist ágætt samstarf við leikskóla um þá framkvæmd

Viðburðurinn sem haldinn er árlega fór fram þann 1. desember 2021. Flutt voru að venju þrjú sérvalin lög, sem send voru út í beinni útsendingu á Rás 1, Rás 2 ásamt vef- og samfélagsmiðlum.

Á þessu degi er einnig þeim veitt verðlaun sem skarað hafa fram úr í umfjöllun, dagskrárgerð eða almennum stuðningi við íslenska tónlist. Þeir sem hlutu viðurkenningar voru:

Lítill fugl: Arnar Eggert Thoroddsen
Hvatningarverðlaunin: Stelgur rokka
Nýsköpunarverðlaunin: Unnur Sara Eldjárn
Glugginn: Græni hatturinn

Útflutningsverðlaun voru veitt ÚTÓN fyrir verkefnið Record in Iceland

7.3. ÚTÓN

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

ÚTÓN er markaðs- og kynningarskrifstofa fyrir íslenska tónlist með fjölþætta starfsemi sem miðar að því að hjálpa íslenskum tónlistarverkefnum að komast á alþjóðamarkað.

Skrifstofan rekur tvær vefsíður og vinnur ýmisleg verkefni í fræðslu og tengslamyndun. Sú íslenska, uton.is, er aðallega fræðslu- og upplýsingasíða fyrir íslenska tónlistarsamfélagið en sú enska, icelandmusic.is, er hugsuð sem leið inn í samfélagið fyrir þá sem áhuga hafa erlendis frá.

Verkefni ÚTÓNs á árinu 2021 báru nokkurn keim af ástandi í tónlistarheiminum vegna covid og var því minna um þátttöku í tónlistarviðburðum erlendis, en meira um fjarfundi bæði með innelndum og erlendum

Ljóst er að starfsemi ÚTÓN mun breytast á næsta ári með tilkomu Tónlistarmiðstöðvar-innar. Þær breytingar verða tvímælaust til að styrkja enn frekar gott starf sem hingað til hefur verið unnið af starfsmönnum ÚTÓNs undir stjórn Sigtryggs Baldurssonar framkvæmdastjóra.

8.0. Hljodrit.is o.fl.

Lokið er uppsetningu á netsvæðinu hljodrit.is með nýju viðmóti, sem gerir það mun auðveldara að skrá sig inn og fá ISR(C) kóða fyrir hvert útgefið hljóðrit.

Kristinn Evertsson hefur haft veg og vanda að klára þetta verkefni, en hann var í upphafi ráðinn tímabundið í hálf t. Nú hefur hann hins vegar verið ráðinn í fullt starf til þess m.a. að annast hugbúnaðarþróun, hljodrit.is, umsjón með innskráningum, vinnslu spilanaskýrsla frá útvarpsstöðvum, útreikning á úthlutun til flytjenda og þjónustu við framleiðendur, vinnu við tæknisamskipti við erlendu samtökin SCAPR og PPL og uppfærslu heimasíðu.

Heimasíðu SFH var breytt og er þar nú að finna mun ítarlegri upplýsingar um SFH en áður hefur verið m.a. til að uppfylla kröfur um aukna upplýsingagjöf til réttihafa.

9.0 Tónlistarmiðstöð

Í skýrslu sem birt var fyrr á árinu af starfshópi sem menningar- og viðskiptaráðherra setti á fót um stofnun Tónlistarmiðstöðvar og nýs Tónlistarsjóðs kemur fram að verði fallist á niðurstöður starfshópsins, muni það efla stórflega uppbyggingu íslensks tónlistar-umhverfis og koma til móts við augljósar þarfir íslensks tónlistarlífs og tónlistariðnaðar.

Í stuttu máli féllst ríkisstjórn á þessar tillögur starfshópsins, þar sem formaður SFH á sæti og stofnun Tónlistarmiðstöðvar verður að veruleika strax á næsta ári, en henni er ætlað er að verða einn af hornsteinum íslensks tónlistarlífs og tónlistariðnaðar.

Í nýrri fjármálaáætlun sem samþykkt var 14. júní s.l. koma fram áherslur menningar- og viðskiptamálaráðherra og ríkisstjórnarinnar um aukinn stuðning við íslenskt tónlistarfólk. Á árunum 2023-2025 er ráðgert að samtals 600 milljónir renni af fjárlögum til stofnunar miðstöðvarinnar og til eflingar sjóða tónlistar til viðbótar við þau framlög sem renna nú þegar til tónlistar.

Ný lög voru samþykkt um sviðlistir og Sviðslistamiðstöð Íslands hefur tekið til starfa.

Óperustarfsemi í landinu hefur verið til umræðu og hafa stjórnvöld lofað að koma starfseminni í farveg eins og það er orðað í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Reykjavík, 30. júní 2022

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. júní 2022

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda SFH fyrir árið 2021 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. júní 2022

PricewaterhouseCoopers ehf

Atli Þór Jóhannsson
löggiltur endurskoðandi

Ég undirritaður félagskjörinn skoðunarmaður hef yfirfarið ársreikning þennan fyrir Samtök flytjenda og hljómplötuframeiðendur fyrir árið 2021 og ekkert fundið athugavert.

Ég legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 30. júní 2022

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Rekstrartekjur			
Flutningur tónverka	2	247.914.013	202.044.755
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	31.191.475	21.643.216
Aðkeypt þjónusta	4	24.646.109	18.305.958
Fundir	5	798.548	605.487
Annar rekstrarkostnaður	6	25.586.296	17.309.356
Sérgreindur kostnaður	7	4.895.564	3.035.188
		<u>87.117.992</u>	<u>60.899.204</u>
Rekstrarhagnaður		160.796.021	141.145.551
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		153.163	188.594
Vaxtagjöld		(181.023)	(49.921)
		<u>(27.860)</u>	<u>138.673</u>
Hagnaður ársins	8	<u>160.768.161</u>	<u>141.284.224</u>
<i>Hagnaður ársins sundurliðast þannig:</i>			
Hlutur framleiðendadeildar		81.498.020	70.664.069
Hlutur flytjendadeildar		79.003.748	68.791.848
Lagt í varasjóð		266.394	1.828.308
		<u>160.768.161</u>	<u>141.284.224</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjármunir			
Óinnheimtar skammtímakröfur	8	138.425.045	191.798.713
Fyrirframgreiddur kostnaður	9	0	85.410
Handbært fé	10	249.154.951	152.477.937
		<u>387.579.996</u>	<u>344.362.060</u>
Eignir samtals		<u>387.579.996</u>	<u>344.362.060</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	11	700.000	700.000
Varasjóður		43.945.160	43.678.766
		<u>44.645.160</u>	<u>44.378.766</u>
Vörslufé			
Úthlutunarsjóður flytjendadeildar	13	256.678.525	220.277.859
Úthlutunarsjóður framleiðendadeildar	14	67.893.391	44.310.932
		<u>324.571.915</u>	<u>264.588.790</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreidd laun og launatengd gjöld	15	1.096.110	997.024
Viðskiptaskuldir	16	17.266.811	34.397.480
		<u>18.362.921</u>	<u>35.394.504</u>
Skuldir samtals		342.934.836	299.983.294
Eigið fé og skuldir samtals		<u>387.579.996</u>	<u>344.362.060</u>

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað fyrir 46 árum eða árið 1973. Megintilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir opinbera spilun tónlistar af hljóðritum fyrir flytjendur og framleiðendur. Er þá bæði átt við notkun tónlistar í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum, líkamsræktarstöðvum og víðar.

Samtökin SFH er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

1.2. Innlausn tekna

Tekjur útvarpsstöðva fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum fyrir árið 2021 eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi.

Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

1.3. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi samanstendur af bankareikningum.

1.4. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé er upphaflegt stofnfé sem skiptist jafnt á milli flytjenda og framleiðendaeildarinnar.

Lagt er í varasjóð 7% af sameiginlegum hagnaði ársins ár hvert. Sjóðurinn samanstendur alltaf af framlagi síðustu 4 ára samanlagt.

Skýringar

2. Flutningur tónverka	2021	2020
Útvarps- og sjónvarpsstöðvar		
Ríkisútvarpið	48.787.500	47.000.000
Sýn	52.514.620	50.693.800
K100 Árvakur hf.	2.350.000	2.350.000
247 ehf.	1.800.000	1.800.000
Lindin	480.000	480.000
	<u>105.932.120</u>	<u>102.323.800</u>
Opinber flutningur utan útvarps- og sjónvarpsstöðva		
STEF	114.772.636	75.359.304
	<u>114.772.636</u>	<u>75.359.304</u>
Aðrar tekjur		
IHM	27.209.257	24.361.651
	<u>27.209.257</u>	<u>24.361.651</u>
Sundurliðun tekna samtals	<u>247.914.013</u>	<u>202.044.755</u>
3. Laun og launatengd gjöld		
Laun	24.925.068	16.956.468
Stjórnar og starfslaun	4.215.400	2.577.000
Bifreiðastyrkur	297.612	297.612
Dagpeningar og ferðastyrkir	183.250	46.034
Tryggingagjald	1.818.923	1.249.602
Lífeyrissjóðstillag	3.313.675	2.207.222
Önnur launatengd gjöld	439.700	247.555
Fært á skráningu flytjenda	(4.002.153)	(1.938.278)
	<u>31.191.475</u>	<u>21.643.216</u>
4. Aðkeypt þjónusta		
Innheimtupóknun	22.954.527	15.554.853
Sérfræðiþjónusta	1.028.312	1.472.888
Bókhald og endurskoðun	663.270	1.278.217
	<u>24.646.109</u>	<u>18.305.958</u>
5. Fundir		
Stjórnarfundir og aðrir fundir	798.548	605.487
	<u>798.548</u>	<u>605.487</u>

Skýringar

6. Annar rekstrarkostnaður	2021	2020
Íslensku tónlistarverðlaunin	11.280.286	8.942.938
Dagur Íslenskrar tónlistar	842.063	361.270
Húsnæðiskostnaður	1.080.000	1.080.000
Ferðakostnaður	94.303	233.376
Aðkeyptur akstur	15.490	28.440
Sími og burðargjöld	175.471	378.107
Ritföng, prentun o.fl.	6.956	0
Auglýsingar	63.166	174.394
Rekstur tölvukerfis	2.203.854	1.501.404
Gjaldfærð áhöld og tæki	7.004	481.400
Skráning ISRC	0	18.690
Útflutningsskrifstofa tónlistarinnar	1.826.667	1.916.667
Styrkur vegna Masterteipssafn	0	1.001.380
Samtónn hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	957.033	1.024.564
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	7.000.000	0
Annar kostnaður	34.003	166.726
	<u>25.586.296</u>	<u>17.309.356</u>

7. Sérgreindur kostnaður

Sérgreindur kostnaður Flytjendadeildar

Kostn. v. SCAPR	893.411	1.096.910
70% af kostnaði við skráningu flytjenda	<u>2.801.507</u>	<u>1.356.794</u>
	3.694.918	2.453.704

Sérgreindur kostnaður Framleiðendadeildar

30% af kostnaði við skráningu flytjenda	1.200.646	581.483
---	-----------	---------

Sérgreindur kostnaður alls

	<u>4.895.564</u>	<u>3.035.188</u>
--	------------------	------------------

8. Skipting tekna og gjalda milli deilda

Hagnaður til skiptingar milli deildanna

Sameiginlegar tekjur	247.914.013	202.044.755
Sameiginleg gjöld	(82.222.428)	(57.864.017)
Sameiginlegir fjármagsliðir	(27.860)	138.673
Hagnaður af sameiginlegum þáttum	<u>165.663.725</u>	<u>144.319.412</u>
7% hagnaðar lagt í varasjóð	(11.596.461)	(10.102.359)
Hagnaður til skiptingar milli deildanna	<u>154.067.264</u>	<u>134.217.053</u>

Framleiðendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum	77.033.632	67.108.526
Helmingur af innleystum varasjóð	5.665.034	4.137.026
Sérgreindur kostnaður deildarinnar	(1.200.646)	(581.483)
Hlutur framleiðendadeildar í hagnaði ársins	<u>81.498.020</u>	<u>70.664.069</u>

Flytjendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum	77.033.632	67.108.526
Helmingur af innleystum varasjóð	5.665.034	4.137.026
Sérgreindur kostnaður deildarinnar	(3.694.918)	(2.453.704)
Hlutur flytjendadeildar í hagnaði ársins	<u>79.003.748</u>	<u>68.791.848</u>

Skýringar

8. Óinnheimtar skammtímakröfur	2021	2020
STEF	16.787.522	0
Syn ehf - 365 Ljósvakamiðlar	37.206.327	111.785.017
Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur	3.893.362	3.893.362
Hans Kristjánsson	107.959	107.959
Útvarpsstöðin Lindin	2.040.000	1.560.000
RÚV	63.431.067	56.643.567
247 ehf	12.900.000	11.100.000
K100 Árvakur hf	6.879.404	4.529.404
Síminn hf.	2.179.404	2.179.404
Varúðarniðurfærsla skammtímakrafna	(7.000.000)	0
	<u>138.425.045</u>	<u>191.798.713</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

9. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd laun	0	85.410
	<u>0</u>	<u>85.410</u>

10. Handbært fé

Íslandsbanki hf. reikningur nr. 102250	20.764	20.730
Íslandsbanki hf. reikningur nr. 508833	3.092.717	2.447.956
Íslandsbanki hf. reikningur nr. 112358	10.369.727	10.353.139
Íslandsbanki hf. tékkar. nr. 8833	235.671.743	139.656.112
	<u>249.154.951</u>	<u>152.477.937</u>

11. Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað frá fyrra ári	700.000	700.000
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	160.768.161	141.284.224
Innlest úr varasjóð vegna tekna 2017	11.330.067	8.274.051
7% hagnaðar lagður í varasjóð	(11.596.461)	(10.102.359)
	<u>161.201.767</u>	<u>140.155.916</u>
Ráðstafað til framleiðendaeildar	(81.498.020)	(70.664.069)
Ráðstafað til flytjendaeildar	(79.003.748)	(68.791.848)
	<u>700.000</u>	<u>700.000</u>

12. Varasjóður

Yfirfært f.f.ári	43.678.766	41.850.458
Lagt í varasjóð	11.596.461	10.102.359
Innlest af varasjóð ársins 2017	(11.330.067)	(8.274.051)
	<u>43.945.160</u>	<u>43.678.766</u>

Skýringar

13. Úthlutunarsjóður flytjendaeildar

Staðan 1/1	220.277.859	190.472.801
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar	79.003.748	68.791.848
Greiðslur erlendis frá vegna innlendra flytjenda	361.020	499.240
Greiðslur til innlendra flytjenda	(39.078.656)	(31.062.028)
Greiðslur til erlendra flytjenda	(3.885.446)	(8.424.002)
	<u>256.678.524</u>	<u>220.277.859</u>

Gerður hefur verið samningur við BPL vegna erlendra flytjenda og er áætlað að greiða úr úthlutunarsjóði flytjendaeildar 44 milljónir á árinu 2022 vegna árána 2019 og 2020.

14. Úthlutunarsjóður framleiðendaeildar

	2021	2020
Staðan 1/1	44.310.932	65.098.563
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar	81.498.020	70.664.069
Greiðslur til framleiðenda	(57.915.561)	(91.451.700)
	<u>67.893.390</u>	<u>44.310.932</u>

15. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreiddur lífeyrissjóður	391.096	263.803
Ógreidd staðgreiðsla	705.014	733.221
	<u>1.096.110</u>	<u>997.024</u>

16. Viðskiptaskuldir

STEF	0	20.707.933
Ógreitt til erlendra flytjenda	0	8.424.002
Samtónn	10.548.098	1.468.717
Greiðslukort	113.323	91.428
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur vegna flytjenda	4.671.489	3.632.342
Lánadrottinnar	1.933.901	73.058
	<u>17.266.811</u>	<u>34.397.480</u>